

*Bókun bæjarráðs Árborgar 31. mars:*

*Bæjarráð þakkar svarið og óskar eftir minnisblaði um það hvernig bæta megi vinnulag þannig að tryggt sé að þrif verði eins og best verður á kosið.*

Svar frá forstöðumanni Sundstaða Árborgar:

Til þess að geta brugðist við þessari ósk eftir minnisblaði um bætt vinnulag, þarf ég að fá að vita ástæðu upphaflegu fyrirspurnarinnar.

Fyrirspurnin var "hversu oft fjölskylduklefar Sundhallar Selfoss væru þrifir"

Ég tel að ég hafi svarað þeirri fyrirspurn skýrt og skilmerkilega og þar komi fram það vinnulag sem við í Sundhöllinni teljum vera fullnægjandi.

Þar sem ég hef ekki fengið neinar athugasemdir frá starfsfólki eða gestum við vinnu og eða verklag vegna þrifa í unisexklefum, tel ég ekki þörf á bættu vinnulagi að svo stöddu, á starfsmanna og vaktstjórafundum, förum reglulega yfir þá verkþætti sem við þurfum að uppfylla á vinnustaðnum eins og t.d. öryggis, heilbrigðis og þrifa og lagfærum og bætum ef þess þarf.

Hjálagt í viðhengi er þrifaplan fyrir Sundhöll Selfoss og einnig mynd af 11 lyklum starfsmannastefnu Árborgar.

Bendi á grein nr 2 og tel að þetta erindi eigi frekar við inni á skrifborði hjá mér til að kljást við en í bæjarráði.

Langar að benda á að rétta leiðin í þessu hefði verið að ræða við starfsfólkið eða mig í Sundhöll Selfoss og koma ábendingum til okkar/mín svo að við gætum brugðist við, einnig er Árborg með ábendingagátt þar sem hægt er að koma ábendingum til skila. Við erum einnig alltaf tilbúin og opin fyrir því að bæta okkar þjónustu á allan hátt.

Nýlega höfum fengið góðar ábendingu í tölvupósti frá gesti um hvort hægt sé að bæta aðstöðu í klefunum og komum við til með að fara í það í vorlokun í maí.

Það er einlæg ósk mín að sá sem lagði fram fyrirspurnina hafi samband við mig ef eitthvað hefur verið að verklagi svo ég geti brugðist við og lagfært ef þess þarf.